



Borgarlíf ungs fólks á Norðurlöndunum: Áskoranir & Tækifæri

*Urban Life of Young People in the Nordic Countries:
Challenges and Opportunities*

Niðurstöður



Ágúst 2024



U-LYNC ráðstefna
20. - 23. mars 2024

Ráðstefnustjóri: Anna Sigrún Davíðsdóttir

Útlitsgrunnur & Lógó: Nør Station

Myndskreitingar: Alexandra Dögg

Steinþórsdóttir & Bergrún Adda Pálsdóttir

Bakhjarlar:



**STORBYENS
HJERTE OG SMERTE**
NORDISK STORBYKONFERENCE

**STRONGER
TOGETHER**
REYKJAVIK 2024



Reykjavík



**Co-funded by
the European Union**

Efnisyfirlit

- 01 — Inngangur að U-LYNC verkefninu
- 02 — Ungmennapátttaka
- 03 — Andleg heilsa
- 04 — Menntun
- 05 — Sjálfbærni
- 07 — Fjölbreytileiki
- 08 — Niðurstöður ánægjukannanna
- 09 — Næstu skref



STORBYENS
HJERTE OG SMERTE
HODDIG STORBYKOMMUNEN

STRONGER
TOGETHER
REYKJAVIK 2024



Co-funded by
the European Union

Inngangur

Verkefnið *Borgarlíf ungs fólks á Norðurlöndunum: Áskoranir og tækifæri* eða U-LYNC er Norrænt ungmennaátak sem miðar að því að styðja og skapa vettvang fyrir raddir ungs fólks. Verkefnið miðar að því að nýta þekkingu ungs fólks á Norðurlöndum til að takast á við áskoranir í nærsamfélaginu. Þessi skýrsla fangar fjölbreyttar og skapandi lausnir sem ungmennin leggja til, sem endurspeglar áhuga þeirra á að skapa sjálfbært, inngildandi og þrautseigt samfélag. Með umfangsmikilli þátttöku og samvinnuátaki hafa ungmennin greint lykilsvið þar sem úrbóta er þörf og lagt fram hugmyndir og aðgerðir til að takast á við þær áskoranir af fullri alvöru.

Bakgrunnur

U-LYNC var sett á fót sem ungmennaráðstefna undir verkefninu „**Storbyens Hjerte og Smerte**“ (SHS), sem sett var af stað árið 1996 að frumkvæði Norrænu ráðherranefndarinnar. Eitt af meginmarkmiðum SHS var að Norðurlöndin yrðu leiðandi á heimsvísu í því að tryggja að lönd þeirra séu besti staðurinn í heimi fyrir börn og ungmenni. Yfirmarkmiðið er að ungmennin þekki og geti beitt réttindum sínum og fái sæti við borðið þegar ákvarðanir eru teknar um málefni sem varða þau.

Markmið ráðstefnanna sem haldnar eru undir hatti **Storbyens Hjerte og Smerte** er að auka samstarf og samvinnu milli stórra norrænna borga þegar kemur að því að bæta lífsskilyrði ungs fólks. Ungmennaráðstefnan, **U-LYNC í Reykjavík 2024**, var ætlað að veita Norrænum ungmönnum vettvang til að koma á framfæri skoðunum sínum og hugmyndum. Um það bil 80 ungmenni tóku þátt í ráðstefnunni en alls voru um 120 manns sem tóku þátt. Borgirnar sem tóku þátt í **U-LYNC ráðstefnunni** eru: **Álaborg, Árósar, Bergen, Helsinki, Kaupmannahöfn, Malmö, Odense, Osló, Reykjavík og Þrándheimur**. Stórborgaráðstefnan „**Stronger together**“ sem haldin verður í **Reykjavík 2024** er ætluð fyrir fagfólk, starfsmenn, embættismenn, stjórnálamenn og fræðimenn sem með einum eða öðrum hætti fást við málefni ungs fólks í Norrænum borgum.

Undirbúningur U-LYNC ráðstefnunnar


Til að tryggja skilning á forgangsattriðum ungs fólks í Norrænum borgum og til að forðast sýndarsamráð voru ungmenni virkir þátttakendur í mótun U-LYNC og viðfangsefna ráðstefnunnar. Fimm þemu U-LYNC ráðstefnunnar voru valin í gegnum umfangsmikið ferli sem fól í sér beina og óbeina þátttöku þúsunda Norrænna ungmenna. Fyrirliggjandi gögn frá ýmsum borgum veittu dýrmæta innsýn í skoðanir og sjónarmið ungs fólks á Norðurlöndum. Að auki var í sumum borgum lagðar fyrir netkannanir til að bera kennsl á brýnustu áskoranir og tækifæri eins og Norræn ungmenni skynja þau. Enn fremur voru haldnar vinnustofur í nokkrum borgum, sem stuðluðu að beinni þátttöku og samvinnu við að fá fram hugmyndir og ólík sjónarmið. Þessi nálgun tryggði alhliða skilning á sjónarmiðum og reynslu ungs fólks. Öllum niðurstöðum var safnað saman og gögnin greind með tilliti til innihalds og endurtekninga.

Eftirfarandi 5 þemu urðu fyrir valinu fyrir U-LYNC

Ungmennapátttaka	Andleg Heilsa	Menntun	Sjálfbærni	Fjölbreytileiki
<p>10 AUKNI JÖRFURUR</p> <p>16 FRIÐUR OG BÉTTLEIÐI</p>	<p>3 HEILSA OG VELLÍÐAN</p>	<p>4 MENNTUN FYRIR ÖLL</p>	<p>7 LAUSLAUSI VITA</p> <p>11 SÁLFRÆÐAN OG SAMTÖK</p> <p>12 HÉVE NETAÐI OG FURNEISLA</p> <p>13 HVERNIGI OPTILGJAFALAN</p> <p>14 LÍFI VORU</p> <p>15 LÍFA LÍÐAN</p>	<p>5 JAFNRETTI KYLJANNA</p> <p>10 AUKNI JÖRFURUR</p> <p>16 FRIÐUR OG BÉTTLEIÐI</p>
<ul style="list-style-type: none"> Aldursmismunur Ungmennaráð Tækifæri til að hafa áhrif Stjórn málalegt frelsi Stjórn málaþátttaka Raddir ungs fólks Þátttaka í ákvörðunarferlum Kjöraldur 	<ul style="list-style-type: none"> Covid-19 Gæðheilbrigðis úrræði Einmanaleiki meðal ungs fólks Gæði Gæðheilbrigðisþjónusta Aðgengi að gæðheilbrigðisþjónustu Bíðlistar Prýstingur á ungt fólk 	<ul style="list-style-type: none"> Kynfræðsla Skólaumhverfi Ókeypiss menntun Raddir ungs fólks í skólum Gæði menntunar Samvinna milli skóla Jafnvægi milli heimanáms og frítíma Lengd skóladaga 	<ul style="list-style-type: none"> Val á samgöngum Umhverfisheilbrigði borga Rusl Endurvinnsluferfi (Almennings) samgöngur Mengun Náttúrusvæði í borgum 	<ul style="list-style-type: none"> Fordómar og mismunur Aðgengi Að finna samfélag Frelsi Efnahagsstaða Inngilding Menning og trúarbrögð Vímufneaneysla Umburðarlýndi og jafnrétti

Til að tryggja að ungmennin væru vel undirbúin og til að Reykjavíkurteymið vissi hver forgangsverkefni þeirra væru, voru haldnar fimm mismunandi netvinnustofur mánuðina fyrir ráðstefnuna. Þetta var gert með því að nota gagnvirkan netvettvang sem kallast ZEP. Þessi nýstárlegi vettvangur, sem er blanda af sýndarheimi tölvuleikja og fjarfundarbúnaði, var tilvalinn fyrir þátttöku í rafrænum fundum með ungmennum. Gagnvirkni vettvangsins gerði þátttakendum kleift að ræða og leysa verkefni í rauntíma með það að markmiði að ýta undir samtal og vangaveltur um viðfangsefnið hverju sinni. Á þessum fundum deildu ungmenni frá ýmsum Norrænum borgum skoðunum sínum og unnu saman að því að greina og forgangsraða þeim áskorunum og tækifærum sem þau stóðu frammi fyrir í sínu borgarumhverfi.

Lögð var áhersla á að viðhalda lýðræðislegum vinnubrögðum í þessum vinnustofum og ungmennin hvött til að kjósa um ýmsa þætti U-LYNC ráðstefnunnar. Þau völdu til dæmis tegundir viðburða sem þau vildu taka þátt í, hvaða afþreyingu þau vildu og meira að segja uppáhalds ísbragðið sitt. Þetta kosningaferli tryggði að óskir þeirra endurspegluðust í dagskrá ráðstefnunnar.



Vinnustofustjórnir

Annar þáttur í skipulagningu ráðstefnunnar sem Reykjavíkurteymið lagði mikla áherslu á var val á stjórnendum vinnustofanna á U-LYNC. Vandað var til verka og lagt upp með að þau væru ekki aðeins sérfræðingar á sínu sviði heldur einnig ung og ættu því auðveldara með að tengjast þátttakendum á jafningjagrundvelli. Þessi nálgun var mikilvæg til að viðhalda góðri þátttöku og tengingu í gegnum viðamiklar og krefjandi vinnustofur.

Hver stjórnandi vinnustofanna kom með gnægð af þekkingu og ástríðu á sínu sérsviði, í samræmi við þemun sem voru: ungmennapátttaka, andleg heilsa, menntun, sjálfbærni og fjölbreytileika. Til dæmis stýrðu **Unnur Lárusdóttir**, með víðtæka reynslu sína af alþjóðlegum samskiptum og þátttöku ungmenna, og **Andrea Rói Sigurbjörns**, sérfræðingur í ungmennapátttöku og baráttumanneskja fyrir hinsegin málefnum, **vinnustofunum um ungmennapátttöku**. Bakgrunnur þeirra tryggði að vinnustofurnar voru bæði fræðandi og uppbyggilegar, með áherslu á mikilvægi radda ungs fólks í stefnumótun.

Vinnustofur um andlega heilsu voru leiddar af sálfræðingunum **Katrínu Mjöll Halldórsdóttur** og **Baldvini Loga Einarssyni**, sem sérhæfa sig í sérfræðiráðgjöf um stjórnun tilfinninga og hegðunar meðal barna og unlinga. Þeirra faglega reynsla í hugrænni og díalektískri atferlismeðferð tryggði að vinnustofurnar einkenndust af stuðningi og innsæi.

Vinnustofum um menntun stýrðu **Marianna Guðbergsdóttir** með víðtæka reynslu sína í að stuðla að jafnrétti og mannréttindum í skólum og **Helgi Rey Auðarson Guðmundsson** með víðtæka reynslu sína í að stuðla samþættingu tækni og náms. Þeirra skuldbinding til mannréttinda og hamingju nemenda gerði vinnustofurnar áhugaverðar og áhrifaríkar.

Vinnustofum um sjálfbærni stýrðu **Jóhannes Bjarki Urbanic Tómasson** og **Finnur Ricart Andrason**, sem báðir eru miklir áhugamenn og sérfræðingar um umhverfismál, umræðum um sjálfbærar aðferðir og loftslagsaðgerðir. Þeirra sérfræðipekking í vísindarannsóknum og umhverfissinnaðri baráttu var ómetanleg.

Vinnustofur um fjölbreytileika voru leiddar af **Þórhildi Elínardóttur Magnúsdóttur** og **Chanel Björk Sturludóttur**, en samanlögð reynsla þeirra og sérþekking í LGBTQIA+ inngildingum, kynjafræðum, fjölbreytileika- og and-rasisma, voru lykilatriði í að auðga vinnustofurnar og tryggja að þær voru áhrifaríkar.

Til að bæta enn frekar upplifunina á vinnustofunum fengum við einnig félagsmiðstöðvarstarfsfólk til að vera til staðar í hverri vinnustofu. Hlutverk þeirra var að auka stemningu og tryggja jákvætt, skemmtilegt andrúmsloft, hjálpa þátttakendum að viðhalda orkunni og einbeitingunni í löngum og oft krefjandi vinnustofum. Þetta samspil sérfræðinga í viðfangsefnum vinnusmiðjanna og stuðningsríks félagsmiðstöðvarstarfsfólks skapaði kraftmikið og þátttökumiðað umhverfi sem ýtti undir innihaldsríkar umræður og samstarf í ungmennahópunum.

Uppsetning U-LYNC vinnustofanna

Hver þátttakandi fékk tækifæri til að taka þátt í vinnustofum um fjögur af fimm þeim ráðstefnunnar, sem tryggði yfirgripsmikla þátttöku ungmennana í að bera kennsl á og leggja til lausnir við hinum ýmsu áskorunum og tækifærum sem eru til staðar í Norrænum borgum. Í vinnustofunum var farið í gegnum fjórar umræðlotur:

• Umferð 1: Hugmyndavinna & umræður

- Þátttakendur tóku þátt í opnum hugmyndavinnulotum til að ræða fyrstu hugsanir sínar og hugmyndir um áskoranir viðkomandi þema.

• Umferð 2: Skilgreining & forgangsröðun áskoranna

- Í þessari umferð unnu þátttakendur saman að því að skilgreina lykiláskoranir innan þemans. Þau forgangsröðuðu þessum málefnum miðað við mikilvægi þeirra og áhrif til að tryggja að tekist væri á við brýnustu áskoranir.

• Umferð 3: Lausnarsköpun & lokahugleiðing

- Þessi umferð lagði áherslu á að móta framkvæmanlegar lausnir og þróa hagnýtar tillögur að lausnum við þeim áskorunum sem voru borin kennsl á.

• Umferð 4: Lausnakynning & kosning

- Hver hópur í vinnustofunni kynnti lokalausnirnar sínar eða tillögur. Þessar niðurstöður voru síðan metnar af öllum þátttakendum vinnustofanna með því að nota forritið Menti sem tryggði lýðræðislegt ferli.

Við lok U-LYNC ráðstefnunnar var síðan kosið um það hvaða lausnir eða tillögur báru af úr öllum vinnustofunum í gegnum Menti. Þessi nálgun tryggði lýðræðislega ferli og að hver þátttakandi hefði sitt að segja.

Samhliða ráðstefnunni var skipulagður þrautaleikur með ýmsum verkefnum til að hjálpa ungmennunum að mynda tengsl og kynnast betur. Þessi leikur ýtti undir tengsl og vináttu meðal þátttakenda og gerðu heildarupplifun af ráðstefnunni enn betri.

Niðurstöður úr U-LYNC kosningunum og vinnustofum voru vandlega teknar saman og greindar og lögðu grunn að heildarniðurstöðum verkefnisins.

Helstu niðurstöður

Ungmennapátttaka

Valdefling ungs fólks í stjórnmalapátttöku er þarna lykilatriði ásamt tillögum um að það sé skylda að vera með ungmennaráð í hverri borg, lækkun kosningaaldurs og tryggingu fyrir áhrifum fulltrúa ungmenna hjá opinberum stofnunum. Áhersla er lögð á fræðsluáttak til að upplýsa ungt fólk um réttindi sín og borgaralegar skyldur. Ennfremur er mikilvægt að tryggja aðgengi, inngilding og gagnkvæman stuðning í samfélagslegu rými og dreifingu upplýsinga til að auka pátttöku ungs fólks.

Andleg heilsa

Að takast á við áhrif samfélagsmiðla, bæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu og draga úr námsálagi eru lykiláherslur. Ungmennin leggja til að gerðar verði fræðsluáætlanir um fjölmiðlalæsi, auknar fjárveitingar til geðheilbrigðisþjónustu og að samfélagið styðji við bakið á ungmennum. Að auki er mikilvægt að efla nákvæman skilning og orðræðu um geðheilbrigðismál til að draga úr sjálfsgreiningum sem og fordómum og hvetja fólk til þess að leita sér hjálpar.

Menntun

Ungmennin vilja heildstæða kynfræðslu sem hefst á unga aldri, sem tekur mið af fjölbreyttri sjálfsmynd ungmenna og kenningu í hvað felst í samþykki. Verkefnið VANGUARD miðar að því að laga menntun að mismunandi þörfum nemenda með því að innleiða einstaklingsmiðað nám og hagnýtt nám. Styrking nemendaradda í ákvarðanaferlum er talið mikilvægt og bætt skólaumhverfi, bæði umhverfislega og félagslega, eru einnig forgangsatriði. Að takast á við félagsleg vandamál og fordóma í gegnum skyldufræðslu um fjölbreytileika og skipulagningu samvinnuverkefna milli skóla er einnig hluti af þeirri nálgun sem ungmennin vilja sjá verða að veruleika.

Sjálfbærni

Ungmennin hafa lagt fram tillögur til að gera almenningssamgöngur aðgengilegri, ódýrari, skilvirkari, áreiðanlegri og umhverfisvænni. Þetta felur í sér lækkun farmiðaverðs, bætt aðgengi fyrir alla notendur, uppfærslu á innviðum til að draga úr töfum og breytingu í rafmagns- eða líffgasdrifnum strætisvögnum. Ennfremur hefur verið lögð áhersla á að bæta græn svæði og líffræðilegan fjölbreytileika í borgum í gegnum átök eins og þróun garða, græn þök og innleiðingu “liquid tree” til að bæta loftgæði. Áhersla er einnig lögð á að bæta endurvinnslu og úrgangsstjórnun og auka almenningssvitund um umhverfismál.

Fjölbreytileiki

Til að taka á málum eins og kynþáttahatri, útlendingahatri og félagslegu samþykki hatursorðræðu, hafa ungmennin mælt með heildstæðri pátttöku samfélagsins og aðgerðum til hegðunarbreytinga. Þessar aðgerðir fela í sér bættri móttökuáætlun fyrir fólk af erlendum uppruna, byggingu fleiri félagsmiðstöðva og ungmennahús og að bjóða upp á ókeypis afþreyingu og íþróttir til að stuðla að inngilding. Einnig er lagt til fræðsluáttak og kerfisbreytingar til að vinna gegn mismunum á ýmsum sviðum samfélagsins. Ennfremur er lögð áhersla á að nýta fjölmiðla og afþreyingu til að auka vitund og stuðla að fjölbreytileika í gegnum samfélagsmiðlaherferðir.

U-LYNC verkefnið hefur veitt Norrænum ungmennum vettvang til að tjá áhyggjur sínar og leggja til nýstárlegar lausnir á þeim áskorunum sem þau standa frammi fyrir í borgarumhverfi sínu. Þessi skýrsla inniheldur fjölbreyttar niðurstöður og tillögur sem komu fram á vinnustofum og út úr lýðræðislegum kosningunum sem haldnar voru á U-LYNC ráðstefnunni. Eftirfarandi hlutar þessarar skýrslu munu kafa í ítarlegar niðurstöður sem tengjast ungmennapátttöku, andlegri heilsu, menntun, sjálfbærni og fjölbreytileika. Við vonum að innsýn og lausnir sem þetta unga hugvitsfólk leggur til verði teknar alvarlega af þeim sem eru í valdastöðum og verði að áþreifanlegum aðgerðum og stefnu sem endurspeglar þær breytingar sem þau þróa sjá í samfélögum sínum.

Þakkarorð

Við viljum þakka öllum Norrænum ungmennum sem tóku þátt í þessu verkefni, deildu hugsunum sínum og sköpuðu nýstárlegar og framsýnar lausnir við þeim áskorunum sem þau báru kennsl á. Framlag ykkar hefur verið ómetanlegt við mótun þessa verkefnis.

Við þökkum einnig Erasmus+ innilega fyrir að samfjármagna þetta verkefni. Stuðningur ykkar var mikilvægur til að tryggja þátttöku ungmenna frá tíu borgum og gerði okkur kleift að halda yfirgripsmikla og áhugaverða ráðstefnu með mikilvægum viðfangsefnum.

Að lokum viljum við færa starfsfólki hjá skóla- og Frístundasviði Reykjavíkurborgar þakkið okkar, Hjerte og Smerte stýrihópnum fyrir dýrmætan stuðning og yndislegu starfsfólki í samstarfsborgum okkar sem fylgdu ungmennunum á U-LYNC ráðstefnunna og stóðu við bakið á okkur í undirbúningsferlinu. Ykkar vinna og skuldbinding gerðu þetta verkefni að veruleika.

Virðingarfyllst, U-LYNC teymið

Gísli Ólafsson
Verkefnastjóri
Skóla- og Frístundasvið
Reykjavíkurborgar

Gísli Ólafsson

Hulda Valdís Valdimarsdóttir
Verkefnastjóri
Skóla- og Frístundasvið
Reykjavíkurborgar

Hulda Valdimarsd.

Þorbjörg Arna S. Jónasdóttir
Verkefnastjóri
Skóla- og Frístundasvið
Reykjavíkurborgar

Þorbjörg



STORBJERG
HJERTE OG SMERTE
NORSK STORBJERGKONFERENS

STRONGER
TOGETHER
REYKJAVIK 2024



Co-funded by
the European Union

UNGMENNARÁTTAKA



STORBYENS
HJERTE OG SMERTE
HOUSTON STORBYENHJERTE

STRONGER
TOGETHER
REYKJAVIK 2024



Co-funded by
the European Union

Ungmennapátttaka

Valdefling ungs fólks til stjórnmalapátttöku

Áskorun: Ungt fólk finnur fyrir jaðarsetningu, því að ekki sé hlustað á það og vanmátt í ákvarðanatöku- og stjórnmalafærlum, auk þess sem þau skortir næga þekkingu og tækifæri til þátttöku.

Lausn:

1. Skylda að starfrækja ungmennaráð

- Koma á löggjöf sem gerir ráð fyrir stofnun ungmennaráða í hverri borg og veita starfsemi þeirra fjárhagslegan stuðning.
 - Greiða ráðsmeðlimum laun.
 - Gæta þess að það sé ekki aðeins hlustað á raddir ungs fólks heldur að þær séu NÝTTAR!
 - Leggja áherslu á að gera markvissa og kerfisbundna viðleitni til að viðhalda fjölbreyttum hópi fólks í ráðinu.
 - Tryggja að ungmennaráð og borgarráð hittist að minnsta kosti einu sinni á ári.



Ungmennapátttaka

Valdefling ungs fólks til stjórnmalapátttöku

Lausnir:

2. Lækkun Kosningaaldurs & stjórnmalapátttaka

- Leggja áherslu á að lækka kosningaaldur í 16 ár og tryggja að málefni ungs fólks séu kerfisbundið tekin til greina.
- Krefjast skyldufulltrúa ungs fólks í stjórnmalaflokkum og hjá stjórnvöldum til að tryggja að fjölbreytt sjónarmið heyrast.



3. Fræðsluáttak

- Halda vinnustofur, málstofur og upplýsingaherferðir til að fræða ungt fólk um réttindi sín, lýðræðisleg ferli og borgaralegar skyldur.

Ungmennapátttaka Fjölbreytt pátttaka & baráttta gegn mismunun

Áskorun: Mismunun viðgengst á ýmsum sviðum samfélagsins þar sem raddir forréttindahópa eru teknar fram yfir jaðarsetta hópa, með skorti á gagnsæi og jöfnum hlut í ákvarðanatökuferlum.

Lausnir:

1. Aukinn fjölbreytileiki

- Auka fjölbreytileika innan ungmennaráða með því að ná til óvirkra samfélaga og jaðarsettra hópa.



2. Reglur án aðgreiningar & samtvinnun

- Innleiða reglur án aðgreiningar í skólum og stofnunum til að berjast gegn mismunun á grundvelli kynþáttar, kyns eða efnahagsstöðu.
- Stuðla að samveru, menntun og skilningi meðal fjölbreyttra hópa.

Ungmennapátttaka

Fjölbreytt pátttaka & baráttta gegn mismunun

Lausn:

3. Gagnsæi & ábyrgð

- Tryggja jafnan hlut og aðgengi að upplýsingum í ákvarðanatöku til að takast á við mismunun og viðhalda gagnsæi.
- Framfylgja lögum og reglum sem vernda réttindi ungmenna og koma í veg fyrir mismunun á grundvelli aldurs, kyns, þjóðernis eða annarra þátta.



Ungmennapátttaka

Tryggja aðgengi, fjölbreytileika & gagnkvæman stuðning

Áskorun: Takmarkað aðgengi að upplýsingum og fjölbreytileiki í samfélagsrýmum, auk skorts á gagnkvæmum stuðningi og skilningi meðal ungs fólks.

Lausnir:

1. Ungmennavæn rými & aðgengilegar upplýsingar

- Stofna samfélagsmiðstöðvar og vettvanga þar sem ungt fólk getur tjáð sig frjálst og tekið þátt í umræðum.
- Veita yfirgripsmiklar og aðgengilegar upplýsingar um lýðræðisferli, stjórnmálakerfi og tækifæri fyrir ungt fólk.



2. Valdefling ungmenna & þjálfun kennara

- Styðja við ungmennastýrð verkefni og vettvang sem hvetur til stuðnings, samstarfs og samstöðu jafningja.
- Veita kennurum þjálfun á sviði taugafjölbreytileika, fötlunar og aðferða til fjölbreytilegrar kennslu til að skapa styðjandi námsumhverfi.

ANDLEG HEILSA



STORBYENS
HJERTE OG SMERTE
HOFSKIP STORBYNORRÆNDE

STRONGER
TOGETHER
REYKJAVIK 2024



Co-funded by
the European Union

Andleg heilsa

Að takast á við áhrif samfélagsmiðla:

Óraunhæf viðmið, misvísandi upplýsingar & skaðleg hegðun

Áskorun: Óraunhæf fegurðarviðmið, rangar upplýsingar um geðheilbrigði og normalisering á skaðlegri hegðun á samfélagsmiðlum stuðla að geðheilbrigðisvandamálum og óviðeigandi sjálfsgreiningum.

Lausn:

1. Aukið fjölmiðlalæsi & draga úr skaðlegu efni

- Innleiða fræðslu í skólum um fjölmiðlalæsi og gagnrýna hugsun.
- Hvetja til stofnunar viðmiðunarreglna sem krefjast þess að samfélagsmiðlafyrirtæki dragi úr skaðlegum reikniritum og bergmálshólfum.
- Stuðla að jákvæðri og raunhæfri mynd af fegurð og lífsstíl á samfélagsmiðlum.



Andleg heilsa


Að takast á við áhrif samfélagsmiðla:

Óraunhæf viðmið, misvísandi upplýsingar & skaðleg hegðun

Lausnir:

2. Veita réttmætar upplýsingar & stuðla að faglegri aðstoð

- Fræða ungt fólk um hættuna sem fylgir sjálfsgreiningu og árétta mikilvægi faglegrar greiningar.
- Búa til áreiðanlega netúrræði og herferðir til að vinna gegn misvísandi upplýsingum.
- Hvetja skóla til að kenna um mikilvægi faglegrar geðheilbrigðisþjónustu.



3. Fræða & forvarnir gegn skaðlegri hegðun

- Þróa fræðslu sem fjallar um áhrif vímuefnaneyslu og rómantiseringu geðsjúkdóma.
- Stuðla að heilbrigðum lífstíl og bjargráðum í gegnum skóla, fræðslu og samfélagsmiðlaherferðir.
- Hvetja til ábyrgrar hegðunar á stafrænum vettvangi og virðingar í gegnum markvissar vinnustofur og viðburði.

Andleg Heilsa

Bætt aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu & baráttan gegn félagslegri einangrun

Áskorun: Langir biðlistar og skortur á aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu, ásamt félagslegri einangrun og einmanaleika meðal ungmenna.

Lausnir:

1. Auka fjármögnun & úrræði fyrir geðheilbrigðisþjónustu

- Leggja áherslu á aukna fjármögnun fyrir geðheilbrigðisþjónustu í skólum og samfélaginu almennt.
- Innleiða aðgengilegri og ódýrari meðferðarúrræði.
- Þróa forvarnar verkefni sem snúa að geðheilbrigðismálum og hægt er að nýta sem sjálfshjálparverkfæri.



2. Stuðla að samfélagslegri tilveru & tilhneygingu

- Búa til verkefni og viðburði sem hvetja til félagslegra samskipta og uppbyggingar samfélagsins.
- Stuðla að vitundarvakningu um geðheilbrigðismál og stuðningshópa innan skóla og samfélaga.
- Tryggja örugg og fjölbreytileg umhverfi fyrir alla nemendur til að deila tilfinningum sínum og reynslu.

Andleg heilsa

Draga úr námsálagi & styðja geðheilbrigði nemenda

Áskorun: Of mikið álag frá menntakerfinu, háar væntingar frá foreldrum og samfélagi, auk eigin þrýstings, stuðla að streitu og kvíða meðal nemenda.

Lausnir:

1. Bætt menntakerfi

- Aðlaga einkunnakerfi til að leggja minni áherslu á próf og meira á heildarframmistöðu.
- Takmarka kerfisbundið fjölda prófa, heimaverkefna og verkefna á viku.
- Veita fræðslu um geðheilbrigði og þjónustu í skólum, til dæmis með því að halda geðheilbrigðisvikur og auka aðgengi að skólasálfræðingum.



2. Hvetja til væntingastjórnunar

- Þjóða upp á vinnustofur og ráðgjöf fyrir foreldra til að skapa raunhæfar væntingar fyrir börn sín.
- Innleiða álagsstjórnunaráætlanir í skólum og samfélögum.
- Búa til stuðningsnet fyrir ungt fólk til að deila reynslu sinni og áskorunum.

Andleg heilsa


Misnotkun & neikvæð stimplun geðheilbrigðishugtaka

Áskorun: Léttvæg notkun læknisfræðilegra hugtaka og stimplun á því að leita sér aðstoðar vegna geðheilbrigðisvandamála.

Lausn:

1. Stuðla að réttmætum skilningi & virðingu í umræðu um geðheilbrigði

- Setja af stað herferðir til að fræða almenning um áhrif þess að nota hugtök eins og „þunglyndi“ og „ADHD“ af léttúð.
- Búa til áætlanir til að gera geðheilbrigðisumræður eðlilegri og draga úr fordómum.
- Veita kennurum og fullorðnum þjálfun um hvernig á að ræða geðheilbrigði án þess að setja merkimiða.



MENNTUN



STORBYENS
HJERTE OG SMERTE
HOFGIÐ STORBYRHOFSREKKA

STRONGER
TOGETHER
REYKJAVIK 2024



Co-funded by
the European Union

Menntun Alhliða kynfræðsla

Áskorun: Ófullnægjandi og misvísandi kynfræðsla

Lausn:

1. Alhliða & inngildandi kynfræðsla frá unga aldri

- Innleiða kynfræðslu frá fyrsta bekk, með viðfangsefnum sem þróast eftir því sem nemendur þroskast.
- Vinnustofur undir stjórn fagaðila og möguleikar á trúnaðasamtölum.
- Tryggja að kynfræðsla fjalli um mörk, samþykki, sálræna þætti og fjölbreytileika, þar á meðal hinsegin málefni.



new type of
sex education

make it more
relevant

make it more
modern

Sex education is
controlled by upbringing

It's unfair that we don't
all receive the same sex-ed

We prefer professionals
teaching sex-ed over teachers



my education was
only biological

but it's not
just about sex
it's a process!
in general!

we want more
focus and more
age-appropriate
sex-education

it's awkward!
get teachers to make
it more open

Menntun

Gæðamenntun: Aðlögun náms að þörfum allra

*Verkefnið VANGUARD: Vision – Actions – Nurturing - Group
Unity – Adaptability - Resourceful Development*

Áskorun: Það eru verulegar munur á reynslu, menntunarstigi, persónuleika, heimilisaðstæðum, fötlun, geðheilsu, athyglisspönn og frítíma meðal einstaklinga.

Lausn:

1. Persónubundnar & fjölbreyttar kennsluaðferðir:

- Nota fjölbreyttar kennsluaðferðir til að koma til móts við mismunandi námsþarfir og athyglisspönn.
- Sameina hagnýtt og fræðilegt nám.
- Stunda virkar og opnar samræður milli nemenda og kennara.
- Auka smám saman erfiðleikastig og magn heimavinnu.
- Innleiða samtvinnun í kennsluafni og aðferðum.
- Ráða fleiri kennara og veita stuðning fyrir nemendum með lesblindu og aðra námsörðugleika.



Menntun

Styrkja raddir ungmenna í ákvarðanatöku

Áskorun: Félagslegt stigveldi og lítil samskipti milli nemenda og skólastjórnenda.

Lausn:

1. Styrking nemendaráða & lýðræðislegra umræðna frá unga aldri

- Kenna lýðræðislegar umræður og virðingu fyrir skoðunum annara strax í leikskóla.
- Tryggja virk nemendaráð og virkja þau í ákvarðanatöku með skólastjórnendum.
- Upplýsa nemendur um réttindi sín og koma á laggirnar vettvangi þar sem raddir nemenda fá að heyrast.



Menntun

Bæta skólaumhverfið, geðheilbrigði & stuðning

Áskorun: Óþægilegt líkamlegt og félagslegt skólaumhverfi, ásamt ófullnægjandi stuðningi við geðheilbrigði nemenda.

Lausnir:

1. Bæta aðstöðu & efla styðjandi skólabrag

- Bæta aðstöðu í skólum með betri stólum, skapa notaleg rými og rólega staði.
- Innleiða umbunarkerfi til að auka félagslega inngildinguna og efla jákvæðan skólabrag.
- Auka skólaskemmtiferðir og hagnýtar, verkefnaþaðar námsleiðir.
- Bæta samskipti milli nemenda, kennara og stjórnenda í gegnum nafnlaus spurninga- og svarsöfnunarkerfi og hugmyndakassa.



2. Fræðsla um geðheilbrigði & aukinn stuðningur

- Gera fræðslu um geðheilbrigði að skyldu fyrir kennara og uppfæra hana reglulega.
- Skipuleggja tómstundastarf eftir skóla og tryggja að kennarar taki þátt í að vernda nemendur gegn einelti.

Menntun

Takast á við félagslegar áskoranir & fordóma meðal ungmenna

Áskorun: Félagslegt samþykki hatursorðræðu og fordóma vegna óöryggis og þörf fyrir félagslega viðurkenningu, ásamt fordómum sem lærd hegðun og takmörkuð samvinna og samskipti milli ungmenna frá mismunandi svæðum.

Lausn:

1. Heildstæð menntun um minnihlutahópa & fjölbreytileika

- Innleiða menntun um minnihlutahópa og fjölbreytileika á öllum skólastigum.
- Stuðla að samfélagslegum breytingum með herferðum sem útskýra félagslegar afleiðingar hatursorðræðu.



Menntun

Takast á við félagslegar áskoranir & fordóma meðal ungmenna

Lausnir:

2. Fordómþjálfun fyrir kennara & nemendur

- Veita skyldupjálfun og námskeið fyrir kennara um fordóma og fjölbreytileika og hvernig á að takast á við fordóma eftir aldri.
- Innleiða námskeið í lífsleikni sem kennir nemendum um fjölbreytileika og hvernig á að takast á við mismunun.



3. Stuðla að samskiptum & skilningi

- Skipuleggja viðburði, eins og íþróttadaga, fyrir skóla frá mismunandi svæðum.
- Stuðla að samskiptum og samvinnuverkefnum til að brúa bil á milli barna og unglinga með ólíkan bakgrunn.

The background features a light blue gradient with several abstract geometric elements. On the left, there are two large, overlapping circular shapes filled with parallel diagonal lines. On the right, there is a large circular shape filled with a pattern of small white dots. The overall aesthetic is clean and modern.

SJÁLFBÆRNI

Sjálfbærni Bættar almennings­samgöngur

Aðgengilegar, hagkvæmar, skilvirkar, áreiðanlegar & umhverfisvænar

Áskorun: Almennings­samgöngur eru að miklu leyti óaðgengilegar, óhagkvæmar, ekki áreiðanlegar eða umhverfisvænar. Aðgengisvandamál, há farmiðaverð, tæknilegar tafir og notkun jarðefnaeldsneytis geta komið í veg fyrir að margir notendur nýti sér almennings­samgöngur.

Lausnir:

1. Ódýrari farmiðar

- Lækka gjöld fyrir almennings­samgöngur til að auka notkun.
- Bjóða upp á afslátt fyrir fjölskyldur, einstaklinga með lágar tekjur og tíðari notendur.
- Innleiða takmarkaða miða- og aðgangsskoðun.



2. Bætt aðgengi

- Auka hjólastólaaðgengi, sérstaklega yfir veturinn.
- Búa til “frísvæði” með samgöngum á vegum ríkisins, sérstaklega í miðbæjum og öðrum tilteknum svæðum.
- Auka fjölda strætóstöðva og bæta tímaáætlanir.
- Búa til fleiri spurvagna- og neðanjarðarlestarkerfi til að ná yfir fleiri svæði, ásamt því að bæta tíðni þeirra og áreiðanleika.

Sjálfbærni Bættar almenningssamgöngur

Aðgengilegar, hagkvæmar, skilvirkar, áreiðanlegar & umhverfisvænar

Lausnir:

3. Kerfisuppfærslur

- Uppfæra tæknilega innviði til að draga úr töfum í neðanjarðarlestum og strætisvögnum.
- Innleiða rauntímauppfærslur á strætó- og lestaáætlunum.



4. Umferðarstjórnun

- Búa til fleiri sérakreinar fyrir strætisvagna og spurvagna til að draga úr umferðarpunga.
- Fínstillta leiðir á annatímum til að bæta skilvirkni.

Sjálfbærni Bættar almenningssamgöngur

Aðgengilegar, hagkvæmar, skilvirkar, áreiðanlegar & umhverfisvænar

Lausn:

5. Grænar & sjálfbærar samgöngur

- Skipta út jarðefnaeldsneytisknúnum strætisvögnum fyrir raf- eða lífgasstrætisvagna.
- Fjárfesta í skilvirkari rafvögnum með lengri drægni.
- Þróa hraðvirkari og öflugri hleðslustöðvar fyrir rafbíla.
- Tryggja öryggisbætur fyrir rafbíla.
- Stuðla að notkun á umhverfisvænni eldsneyti, s.s. vetni.
- Byggja fleiri og öruggari hjólastíga með viðeigandi lýsingu og öryggisráðstöfunum.
- Veita styrki fyrir reiðhjólum og rafshlaupahjólum til að hvetja til notkunar þeirra.
- Búa til aðgengilegri hjólastíga og gönguleiðir.



Sjálfbærni

Stuðningur stjórnvalda & samfélags við sjálfbærar samgöngur

Áskorun: Ófullnægjandi fjármögnun og stuðningur við almenningsamgöngur og grænt framtak, ásamt takmarkaðri innleiðingu sjálfbærs lífstíls meðal almennings.

Lausnir:

1. Aukin fjármögnun

- Leggja áherslu á meiri fjármögnun frá sveitarfélögum og ríki fyrir verkefni sem snúa að almenningsamgöngum.
- Fjárfesta í langtíma lausnum þegar kemur að sjálfbærum samgöngum.



2. Stefnumótun

- Innleiða CO2-skatt á mengunarvalda, svo sem flugvélar, jarðefnaeldsneytisknúna strætisvagna og bíla.
- Skylda endurheimt náttúru þar sem hún hefur verið fjarlægð vegna byggingarframkvæmda.

Sjálfbærni

Stuðningur stjórnvalda & samfélags við sjálfbærar samgöngur

Lausnir:

3. Hvatningarátak

- Bjóða upp á fríðindi sem hvata til að nota almenningssamgöngur, svo sem vildaráskriftir eða skattafríðindi.
- Setja af stað fleiri verkefni sem hvetja til hjólreiða og göngu.



4. Fræðsla & hagsmunagæsla

- Auka meðvitund almennings með vinnustofum, skólanámskeiðum og herferðum á samfélagsmiðlum.
- Skipuleggja mótmæli og undirskriftalista til að krefjast betri almenningssamgangna.

Sjálfbærni

Græn svæði í borgum & líffræðileg sjálfbærni

Áskorun: Skortur á grænum svæðum og líffræðilegum fjölbreytileika í þéttbýli. Þéttbýlismyndun leiðir oft til eyðileggingar á grænum svæðum, minnkar líffræðilegan fjölbreytileika og hefur neikvæð áhrif á loftgæði.

Lausnir:

1. Fjölga grænum svæðum í borgum

- Búa til fleiri garða og græn svæði í borgum.
- Innleiða græn þök og líffræðilega fjölbreytta garða



2. Græn Svæði

- Búa til fleiri græn svæði þar sem bílar eru ekki leyfðir.
- Forgangsráða varðveislu grænna svæða þegar nýjar byggingaráætlanir eru settar á laggirnar.


Sjálfbærni

Græn svæði í borgum & líffræðileg sjálfbærni

Lausn:

3. Líffræðilega sjálfbært framtak

- Kynna til leiks býflugnabú og líffræðilega fjölbreytt svæði í þéttbýlum.
- Hvetja til trjáplöntunarátaka og keppna.
- Fjárfesta í “fljótandi trjám” eða liquid trees (framkvæma ljóstillífun til að gefa frá sér hreint súrefni og bæta þannig loftgæði).



Sjálfbærni

Endurvinnsla & úrgangsstjórnun

Áskorun: Óskilvirk endurvinnslukerfi og erfiðleikar við úrgangsstjórnun. Skortur á innviðum og almenningsvitund leiðir til bágrar endurvinnslu og lélegrar úrgangsstjórnunar.

Lausnir:

1. Bætt aðstaða til endurvinnslu

- Fleiri rusla- og endurvinnslutunnur um alla borgina.
- Kynna til leiks sérstakar tunnur fyrir mismunandi tegundir úrgangs (pappír, matvæli, plast o.s.frv.).



2. Vitundarvakning

- Halda fræðsluáttak í skólum og á samfélagsmiðlum.
- Hvetja samfélagið til virkari þátttöku í endurvinnslu.

FJÖLBREYTILEIKI



STORBYENS
HJERTE OG SMERTE
NORDISKE STORBYEKONFERENS

STRONGER
TOGETHER
REYKJAVIK 2024



Co-funded by
the European Union

Fjölbreytileiki

Þátttaka samfélagsins & hegðunarbreytingar

Áskorun: Samfélög upplifa klofning á grundvelli þjóðernis- og félagshagfræðilegra þátta. Skortur er á samþættingu, inngildingu og vitund um fjölbreytileika, sem leiðir til mismununar og fordóma.

Lausn:

1. Bætt samþættingarstefna

- Þróa og dreifa upplýsingarefni sem er aðgengilegt öllum lýðfræðihópum, þar með talið minnihlutahópum.
- Koma á laggirnar útrásar verkefnum til að ná til minnihlutahópa og tryggja að raddir þeirra heyrist.
- Stofna ráðgjafaráð sem samanstendur af fjölbreyttum meðlimum samfélagsins til að hafa áhrif á stefnumótun.



Fjölbreytileiki

Þátttaka samfélagsins & hegðunarbreytingar

Lausnir:

2. Uppbygging fleiri ungmennahúsa og félagsmiðstöðva

- Fjárfesta í byggingu og viðhaldi ungmennahúsa og félagsmiðstöðva í ýmsum hverfum.
- Bjóða upp á dagskrá og starfsemi sem mætir áhuga og þörfum ungs fólks úr ólíkum áttum.
- Bjóða upp á atvinnumöguleika innan þessara miðstöðva fyrir ungt fólk í hverfinu.



3. Ókeypis tómstundir & íþróttir fyrir ungmenni

- Skipuleggja ókeypis íþróttir, tómstundir og listnámskeið.
- Efna til samstarfs við skóla og önnur samtök til að kynna þessa starfsemi.
- Tryggja fjármögnun og styrki til að viðhalda þessum verkefnum.

Fjölbreytileiki


Fræðsla & hagsmunagæsla

Áskorun: Kerfislæg mismunun og fordómar sem hafa áhrif á einstaklinga á grundvelli þjóðernis, kyns og annarra persónu einkenna eru útbreidd á ýmsum sviðum lífsins á Norðurlöndunum og þarf að bregðast við þeim.

Lausnir:

1. Auka meðvitund með vinnustofum & námsefni

- Samþætta fjölbreytileikamenntun í námskrá sem fjallar um viðfangsefni eins og menningu, fornöfn, forréttindi og kynhneigð.
- Halda vinnustofur fyrir foreldra, kennara og leiðtoga samfélagsins um hvernig á að ræða og stuðla að fjölbreytileika og inngildingu.
- Koma á laggirnar fræðsluátaki og nota samfélagsmiðla til að ná til stærri hóps.



2. Takast á við mismunun

- Innleiða stefnumótun til að takast á við og koma í veg fyrir mismunun á vinnustöðum, skólum og almenningssvæðum.
- Veita lögreglumönnum, kennurum og atvinnurekendum þjálfun í fjölbreytileika- og menningarnæmni.
- Koma á laggirnar stuðningskerfi og tilkynningakerfi fyrir fórnarlömb mismununar og fordóma.

Fjölbreytileiki

Innviðir & aðgengi

Áskorun: Það er nauðsynlegt að takast á við kerfislæga hlutdrægni í stofnunum og tryggja jafna þátttöku og aðgengi að nauðsynlegri þjónustu fyrir öll í samfélaginu, þar á meðal þau sem eru með fötlun.

Lausnir:

1. Bætt aðgengi í almenningsrýmum

- Setja upp rampa, lyftur og aðgengilega aðstöðu í almenningsrýmum.
- Tryggja að almenningsgangur séu aðgengilegar fyrir einstaklinga með fötlun.
- Endurskoða og uppfæra reglulega innviði til að uppfylla aðgengisstaðla.



2. Takast á við kerfislæga hlutdrægni

- Berjast fyrir stefnumótun sem stuðlar að fjölbreytileika í forystu-, áhrifa og valdastöðum.
- Innleiða sanngjarnar ráðningarreglur og veita þjálfun til að draga úr hlutdrægni við ráðningar og þegar veittar eru stöðuhækkanir.
- Fylgjast með og meta áhrif þessara stefna til að tryggja að þær séu árangursríkar.

Fjölbreytileiki

Áhrif fjölmiðla & afþreyingar

Áskorun: Skortur á meðvitund um málefni fjölbreytileika og útbreiddar staðalímyndir og fordómar í samfélaginu er hægt að takast á við með herferðum á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum.

Lausnir:

1. Nýta samfélagsmiðla til að auka meðvitund

- Setja af stað samfélagsmiðlaherferðir sem varpa ljósi á persónulegar sögur og reynslu sem tengjast fjölbreytileika.
- Efna til samstarfs við áhrifavalda og efnisframleiðendur til að dreifa skilaboðum um inngildingu og samfélagslega viðurkenningu.
- Stofna netsamfélög og málstofur til að skapa umræður um fjölbreytileika og samþættingu.



2. Samþætta fjölbreytileika í afþreyingu

- Framleiða kvikmyndir, heimildarmyndir og sjónvarpsþætti sem sýna fjölbreyttar persónur og sögur.
- Vinna með kvikmyndagerðarfólki, rithöfundum og framleiðendum til að tryggja áreiðanlega og virðingarfulla framsetningu mismunandi menningarheima og sjálfsmynda.
- Skipuleggja kvikmyndasýningar og umræður til að virkja samfélagið í samtölum um fjölbreytileika og inngildingu.

Niðurstöður ánægjukannanna

Til að meta árangur og áhrif U-LYNC ráðstefnunnar var lögð ánægjukönnun fyrir alla þátttakendur eftir viðburðinn. Þessar kannanir veittu dýrmæta innsýn í upplifun þátttakenda af ýmsum þáttum ráðstefnunnar, sem gerði kleift að meta heildaránægju og sjá hvar hefði mátt gera betur. Meðaltals einkunnir úr þessum könnunum eru dregnar saman hér að neðan.

Spurningar	Ungmennin	Starfsfólk
Hversu gagnlegir myndir þú segja að netfundir um U-LYNC þemun hafi verið á skalanum 1-10?	6.53	7.17
Hversu öruggt og innigildandi var rýmið sem ungmennum var veitt til að tjá skoðanir sínar á U-LYNC ráðstefnunni, á skalanum 1-10?	8.41	8.64
Hversu vel tókst ráðstefnustarfsfólki að veita ungmennum upplýsingar og stuðning til að tjá skoðanir sínar á ráðstefnunni, á skalanum 1-10?	8.28	8.50
Á skalanum 1-10, hvernig myndir þú meta ráðstefnuna í heild?	8.91	8.69
Hversu mikið fannst þér 5 þemu U-LYNC (ungmennapátttaka, andleg heilsa, menntun, sjálfbærni og fjölbreytileiki) endurspeglar forgangsröðun ungmenna í þinni borg, á skalanum 1-10?	7.64	/
Á skalanum 1-10, hvernig fannst þér vinnustofurnar sem boðið var upp á, á U-LYNC ráðstefnunni?	7.26	/
Á skalanum 1-10, fannst þér þú vera að læra eitthvað nýtt á U-LYNC ráðstefnunni?	7.13	/
Á skalanum 1-10, fannst þér þú fá tækifæri til að kynna nýju fólk á U-LYNC ráðstefnunni?	8.57	/

Næstu Skref

Til að halda vel á spöðunum þegar kemur að U-LYNC verkefninu er mikilvægt að tryggja að sá skriðþungi sem hefur náðst hingað til skili sér í áþreifanlegum og varanlegum áhrifum á þátttöku ungmenna og borgarstefnu í þeim Norrænum borgum sem taka þátt í Storbyens hjerte og smerte.

Eftirfarandi næstu skref lýsa þeim stefnumótandi aðgerðum sem þarf að ráðast í til að ná þessu markmiði:

- Vinnustofa á Stronger Together:** Reykjavíkurteymið ásamt Ungmennaráði Reykjavíkur mun halda vinnustofu á Stronger Together ráðstefnunni í september 2024. Á þessari vinnustofu verða niðurstöður U-LYNC kynntar fyrir ráðafólki, valdhöfum og starfsfólki þátttökuborga Storbyens hjerte og smerte. Aðalmarkmiðið er að þessir áhrifamiklu þátttakendur velji það þema sem tengist vinnu þeirra mest og skoði hvernig hægt er að innleiða þær lausnir sem ungmennin lögðu til, geri breytingar eða berjist fyrir ákveðnum stefnubreytingum í sínum borgum. Þessi samstarfsviðleitni miðar að því að breyta nýstárlegum hugmyndum ungmennanna í framkvæmanlegar aðgerðir sem verða til úrbóta í borgunum. Viðvera fulltrúa Ungmennaráðs Reykjavíkur, sem einnig tóku þátt í U-LYNC ráðstefnunni, mun tryggja að sjónarmið ungmennanna verði í fyrirrúmi í umræðum og eftirfylgni.
- Staðbundin eftirfylgni:** Hver þátttökuborg er hvött til að skipuleggja staðbundna fundi haustið 2024 til að fylgja málum eftir. Þessir fundir gætu skapað vettvang fyrir ungmenni, stefnumótendur og borgarstarfsmenn til að ræða þær tillögur sem lagðar voru fram á U-LYNC ráðstefnunni og skoða leiðir til að framkvæma þær í viðkomandi borg. Markmiðið er að efla áframhaldandi samræður, auka áframhaldandi þátttöku ungmenna og bæta borgirnar þannig að þær endurspegli betur sértækar þarfir og vilja ungmenna í hverri borg.
- Dreifing niðurstaðna:** Til að tryggja víðtæka meðvitund og skilning á niðurstöðum verkefnisins verða farnar fjölbreyttar leiðir. Þetta felur í sér framleiðslu myndbanda af RÚV, sem verða aðgengileg fyrir aðrar Norrænar ríkisstöðvar og almenning. Að auki höfum við búið til hnitmiðaðar og aðgengileg veggspjöld og annað efni sem draga saman niðurstöður U-LYNC ráðstefnunnar. Einnig hefur verið efnt til samstarfs við auglýsingastofu til að aðstoða við að kynna niðurstöðurnar fyrir ungmendum í gegnum fjölmiðla og samfélagsmiðla.

- **Sjálfbærni U-LYNC netsins:** Til að skapa sjálfbært U-LYNC samstarfsnet hvetjum við U-LYNC þátttakendur til að miðla niðurstöðunum og deila reynslu sinni. Með því að virkja ungmennin sem tóku þátt í ráðstefnunni vonumst við til að skapa bylgjuáhrif sem munu auka áhrif verkefnisins umfram ráðstefnuna. Þessir þátttakendur verða hvattir til að taka að sér sendiherrastöður og miðla sinni innsýn og U-LYNC tillögunum í sínu samfélagi og nærumhverfi. Þessi áframhaldandi þátttaka mun ekki aðeins styrkja raddir ungmenna í stefnumótun, heldur einnig tryggja að nýstárlegu hugmyndirnar sem urðu til á ráðstefnunni komist í góða dreifingu og verði vonandi settar í framkvæmd um öll Norðurlöndin.

Með því að taka þessi skref er miðað að því að festa þann árangur sem náðst hefur í U-LYNC verkefninu og skapa varanlega umgjörð fyrir þátttöku ungmenna í stefnumótun á Norðurlöndum. Skuldbinding og virk þátttaka allra þáttökuborga og Norrænna ungmenna er nauðsynleg til að ná þessum markmiðum og tryggja að raddir ungmenna haldi áfram að móta framtíð samfélaga sinna. Aðalmarkmið og vonir eru að þessar niðurstöður verði nýttar af stefnumótendum og valdhöfum til að þróa og mögulega endurskoða stefnu sveitarfélaga, til að knýja fram marktækar umbætur á lífi ungs fólks á Norðurlöndum á þeirra eigin forsendum.

Fyrir frekari upplýsingar heimsækið: ulync24.com